

# Eftirlit landlæknis með lyfjaávisunum lækna: samstarf eða forsjárhyggja?

Lilja Sigrún Jónsdóttir

[lilja.jonsdottir@landlaeknir.is](mailto:lilja.jonsdottir@landlaeknir.is)

Eins og fram kom í aprílhefti blaðsins stóð Embætti landlæknis fyrir málþingi á Læknadögum um eftirlit með lyfjaávisunum. Björn Krølner heimilislæknir í Kaupmannahöfn var aðalfyrirlesari málþingsins. Hann hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu starfsemi Institut for Rational Farmakoterapi (IRF) sem unnið hefur að markvissum lyfjaávisunum lækna í Danmörku frá 1999. Sú starfseining er nýflutt til Sundhedsstyrelsen (systurstofnunar landlæknis í Danmörku). Björn lýsti í erindi sínu reynslu af áratugastarfi sem heimilislæknir og svo aðkomu að uppbyggingu og starfi IRF. Í Danmörku er vöktun varðandi ávanabindandi lyf á vegum héraðslækna. IRF sér um vöktun varðandi öll önnur lyf en þau ávanabindandi og veitir starfandi heimilislæknum ýmsa þjónustu. Starfsmenn IRF hafa verið beðnir um að ræða við lækna um morfínlyf og benzodiazepínlyf en ekki viljað það. Björn fjallaði einnig um fjöllyfjanotkun, og sagði að margar leiðir væru reyndar til að stemma stigu við henni. IRF hefur gefið út litla bók sem kallast *Medicingennemgang*, þar eru leiðbeiningar til að styðja lækna í að skoða lyfjanotkun sjúklinga. Hún er aðgengileg á heimasíðu IRF undir *værktøjer* ásamt fleira athyglisverðu efni.

Björn sagði að nálgun við fjöllyfjanotkun væri ekki einfalt mál, fjöldi lyfja ekki alltaf besti kvarðinn og hvort strikið væri sett við 5 eða 7 lyf skipti ekki höfuðmáli. Í starfi IRF ráða sparnaðarsjónarmið ekki ferðinni, heldur gæðasjónarmið; að minnka aukaverkanir og auka gæði meðferðarinnar. Vel gætu verið tilvik þar sem sjúklingur væri á mörgum lyfjum og þau væru öll notuð á markvissan hátt. Þess vegna væri ekki heppilegt að setja þak á hversu mörgum lyfjum sjúklingur gæti verið á. Ábyrg lyfjanotkun skipti hins vegar miklu máli og svo dæmi sé tekið mega menn ekki vera á meira en einu benzodiazepínlyfi ef þeir ætla að fá endurnýjað ökuskríteini í Danmörku. Athygli vakti að danskir læknar hafa beinan aðgang að rafrænum upplýsingum um lyfjanotkun sjúklinga sinna og þurfa einungis að auðkenna sig með rafrænum hætti til að geta flett upp hvaða sjúklingi sem er. Þeir sjá einnig hvaða aðrir læknar ávísa lyfjum á sjúklinginn og þannig verður samstarf meðferðaraðila oft markvissara. Eftirlit með að þeir séu ekki að skoða lyfjaupplýsingar um sjúklinga að óþörfu er að nokkru leyti í höndum sjúklinganna, sem hafa aðgang að eigin lyfjasögu og geta þá einnig séð hverjir hafa skoðað lyfjasögu þeirra.

Frekari upplýsingar um starf Björns Krølner og samstarfsaðila hjá IRF er að finna á *irf.dk* Upptökur af fundinum á

Læknadögum eru aðgengilegar læknum á innri vef Læknafélags Íslands, ásamt glærum fyrirlesaranna.